

Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar
Bjarni Kristjánsson, formaður
Knarrarberg
601 Akureyri

Reykjavík, 27. ágúst 2013
Tilvísun:2007100145 /

**Efni: Umsögn um umhverfisskýrslu vegna tillögu að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar
2012-2024**

Vísað er til tillögu að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2010-2024 sem nú er í auglýsingaferli ásamt umhverfiskýrslu sem unnin var skv. lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir umhverfisskýrsluna í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laganna og bendir á eftirfarandi atriði sem snúa að vöktun umhverfisþáttu. Í kafla 3.5.2. er stefnt að því að gæði sjávar við strendur Eyjafjarðar verði í hæsta gæðaflokki og að ár og vötn verði í flokki A miðað við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999. Í sama kafla kemur fram að unnin verði vöktunaráætlun undir stjórn Umhverfisstofnunar fyrir 2015 þar sem m.a. verði gerð grein fyrir mælingum og tíðni þeirra. Í kafla 4. kemur hins vegar fram að ekki sé sett fram sérstök áætlun um vöktun í tengslum við svæðisskipulagið og vöktun alfarið vísað í mat á umhverfisáhrifum og útgáfu framkvæmdaleyfis vegna nýrra framkvæmda. Að mati Skipulagsstofnunar þarf að koma fram í kafla 4 undir yfirskriftinni *vöktun og mótvægisaðgerðir* að gæði sjávar, ár og vötn verði vöktuð sbr. áform um að vöktunaráætlun verði unnin fyrir 2015.

Skipulagsstofnun mun fara yfir málsgögn þegar þau berast að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnar eftir auglýsingu skv. skipulagslögum.

Minnt er á að við endanlega samþykkt skipulagsáætlunarinnar þarf að liggja fyrir greinargerð svæðisskipulagsnefndar um hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í áætlunina og hvernig höfð hefur verið hliðsjón af umhverfisskýrslu, umsögnum og athugasemdum sem bárust á kynningartíma sbr. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana.


Birna Björk Árnadóttir